

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1127

2016/EES/63/13

frá 10. júlí 2015

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ⁽¹⁾, einkum 38. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB er skrá yfir endurnýtingaraðgerðir en hún er ekki tæmandi.
- 2) Aðgerðin R1 í II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB gildir um úrgang sem er notaður í stað eldsneytis eða á annan hátt til orkuframleiðslu. Þetta á við um brennslustöðvar þar sem húsasorp í föstu formi er unnið en aðeins ef orkunýtni þeirra uppfyllir viðmiðunarmörkin sem komið er á með því að nota orkunýtniformúluna (R1-formúluna) sem um getur í II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB.
- 3) Tæknileg gögn sýna að staðbundin loftslagsskilyrði í Sambandinu hafa áhrif á magn orkunnar sem tæknilega er unnt að nota eða framleiða í formi rafmagns, upphitunar, kælingar eða vinnslugufu í brennslustöðvum til vinnslu á húsasorpi í föstu formi.
- 4) Í skýrslu frá Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar er sýnt fram á að til að skapa jöfn samkeppnisskilyrði í Sambandinu er rétt að bæta brennslustöðvum, sem verða fyrir áhrifum af staðbundnum loftslagsskilyrðum, það upp með loftslagsleiðréttingarstuðli (CCF) sem gildir um R1-formúluna. Slíkur stuðull ætti að byggjast á tilvísunarskjalinu um bestu, fánlegu tækni við brennslu úrgangs.
- 5) Vegna notkunar á loftslagsleiðréttingarstuðli gætu sumar förgunarbrennslustöðvar uppfyllt viðmiðunarmörkin í R1-formúlunni og þannig sjálfkrafa orðið endurnýtingarbrennslustöðvar. Þrátt fyrir það ætti umsókn um slíkan leiðréttingarstuðul áfram að vera hvati fyrir brennslustöðvar til að ná mikilli nýtni við orkuvinnslu úr úrgangi í samræmi við markmiðin og úrgangsmetakerfið sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB.
- 6) Loftslagsleiðréttingarstuðullinn, sem gildir um R1-formúluna, ætti að byggjast á loftslagsskilyrðum þar sem brennslustöðin er staðsett.
- 7) Því ætti að breyta tilskipun 2008/98/EB til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 184, 11.7.2015, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 285/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi texti bætist við neðanmálsgrein (*) í II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB:

„Gildið fyrir orkunýtniformúluna verður margfaldað með loftslagsleiðréttingarstuðli (CCF) í samræmi við eftirfarandi:

1. Loftslagsleiðréttingarstuðull hjá stöðvum sem eru í rekstri og hafa fengið leyfi í samræmi við gildandi löggjöf Sambandsins fyrir 1. september 2015.

$$CCF = 1 \text{ ef } HDD \geq 3350$$

$$CCF = 1,25 \text{ ef } HDD \leq 2150$$

$$CCF = - (0,25/1200) \times HDD + 1,698 \text{ þegar } 2150 < HDD < 3350$$

2. Loftslagsleiðréttingarstuðull fyrir stöðvar, sem fengu leyfi eftir 31. ágúst 2015, og stöðvar undir 1. lið eftir 31. desember 2029:

$$CCF = 1 \text{ ef } HDD \geq 3350$$

$$CCF = 1,12 \text{ ef } HDD \leq 2150$$

$$CCF = - (0,12/1200) \times HDD + 1,335 \text{ þegar } 2150 < HDD < 3350$$

(Reiknað gildi leiðréttingarstuðuls skal gefið upp með þremur aukastöfum).

Gildi HDD (gráðudagar) skal vera meðaltal árlegra HDD-gilda fyrir staðsetningu brennslustöðvar, reiknað fyrir 20 ár samfellt fyrir árið sem loftslagsleiðréttingarstuðullinn var reiknaður fyrir. Til að reikna út gildi HDD skal beita eftirfarandi aðferð Hagstofu Evrópusambandsins: HDD er jafnt og $(18^\circ\text{C} - T_m) \times d$, ef T_m er lægra eða jafnt og 15°C (viðmiðunarmörk, hitun), og er núll ef T_m er yfir 15°C ; þar sem T_m er meðalhitinn $(T_{\min} + T_{\max} / 2)$ utanhúss á tímabili sem varir í d daga. Útreikningar skulu gerðir daglega ($d=1$), þar til summan jafngildir einu ári.“